

Alþingi
Erindi nr. P 133/620
komudagur 6.12.2006

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 6. desember 2006


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti að vísa til eldri umsagnar frá 2. maí 2006 um frumvarpið eins og það var lagt fram á síðasta þingi:

Stjórn Eyþings tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins, en vekur athygli á því að með samþykkt þess er ríkisvaldið að veita enn einum byggðastyrknum til höfuðborgarinnar með auknum umsvifum og fjölgun starfa á vegum ríkisins. Nauðsynlegt er að fylgst sé grannt með þessari þróun í tengslum við framkvæmd byggðaaáætlunar.

Það vekur athygli að allar áætlanir skortir um uppbyggingu og umfang safnsins og eins og fram kemur í umsögn Fjárlagaskrifstofu er kostnaðarmat frumvarpsins því afar ónákvæmt. Bent er m.a. á fjárveitingar til Þjóðminjasafns og Listasafns Íslands til hliðsjónar.

Það er skoðun stjórnar Eyþings að hér hefði átt að vanda betur undirbúning málsins. Ástæða er einnig til að hafa í huga að náttúruminjasöfn eru rekin víða um landið.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri